

Landsskipulagsstefna 2015-2026

Á fundi Skipulags- og byggingarnefndar Sveitarfélagsins Skagafjarðar í morgun, miðvikudaginn 11. febrúar 2015

voru eftirfarandi athugasemdir og ábendingar bókaðar vegna Landsskipulagsstefnu 2015-2026.

„Skipulagsstofnun ber samkvæmt skipulagslögum að hafa hliðsjón af aðalskipulagsáætlunum sveitarfélaga við gerð landsskipulagsstefnu. Skipulags- og byggingarnefnd telur nauðsynlegt að Landsskipulagsstefnan beri þess skýrar merki. Nauðsynlegt er að gera skýrari greinarmun í skjalinu á stefnumarkandi tillögum, sem geta haft áhrif við staðfestingu aðalskipulagsáætlana sveitarfélaga, og tillögum sem fela í sér almenn leiðarljós fyrir sveitarfélögin um verklag við skipulagsgerð. Ljóst er að mikill meirihluti tillagna í skjalinu fellur í síðarnefnda hópinn.

Tillaga er um að ráðherra skipi samráðshóp til að leysa úr ágreiningsmálum um legu samgöngu- og veitumannvirkja. Við skipan í slíkan samráðshóp er nauðsynlegt að gæta þess að sjónarmið sveitarfélaganna verði ekki fyrir borð borin og jafnræðis verði gætt við skipan í slíkan samráðshóp.“

Þessu er hér með komið á framfæri

vinsamlega staðfestið móttöku.

Með kveðju

Jón Örn Berndsen
Skipulags- og byggingarfulltrúi
jobygg@skagafjordur.is
sími 455-6000